



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ALÞJÓÐLEGT MÁLÞING Á GRÆNLANDI

HEIMSKAUTARÉTTUR OG FRAMTÍÐ NORÐURSLÓÐA

LOFTSLAGSBREYTINGAR – NÝTING AUÐLINDA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti í gær, fimmtudaginn 8. september 2011, ræðu við setningu alþjóðlegs málþings um heimskautarétt og framtíð Norðurslóða sem haldið er í höfuðstað Grænlands, Nuuk. Málþingið sækja sérfræðingar og áhrifafólk frá Norðurlöndum, Rússlandi, Kanada og Bandaríkjunum auk sérfræðinga við ýmsa háskóla og rannsóknarstofnanir í Evrópu. Háskólinn á Akureyri efnir til málþingsins í samvinnu við Háskóla Grænlands og er þetta fjórða alþjóðlega málþingið um heimskautarétt og framtíð Norðurslóða sem Háskólinn á Akureyri skipuleggur. Dr. Guðmundur Alfreðsson hefur stjórnað þeim öllum.

Auk umfjöllunar um heimskautarétt og framtíð Norðurslóða er á málþinginu rætt um réttarstöðu frumbyggja, áhrif loftslagsbreytinga, regluverk um nýtingu auðlinda og þróun Norðurskautsráðsins.

Ásamt forseta Íslands fluttu Kuupik Kleist og rektorar háskólanna ræður við opnunina. Forseti Íslands tekur einnig í dag þátt í umræðum á málþinginu.

Í heimsókn sinni til Nuuk hefur forseti Íslands m.a. átt fundi með sérfræðingum við nýja Loftslagsstofnun sem hefur verið sett á fót á

Grænlandi, Greenland Climate Research Center, og setið hádegisverð í boði forseta grænlenka þingsins, Josefs Motzfeldt, þar sem rætt var um framtíð Grænlands og þróun samvinnu á Norðurslóðum.

Í dag mun forseti Íslands einnig hitta rektor Háskóla Grænlands, Tinu Pars, og kynna sér starfsemi háskólans og hugmyndir um samstarf við íslenska fræðasamfélagið.

9. september 2011

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).